

AÐALFUNDUR SMALAHUNDAFÉLAGS ÍSLANDS 2013

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands (SFÍ) var haldinn á Hestakráinni að Húsatóftum 2, Skeiðum, föstudaginn 23. ágúst, 2013.

Mætt voru:

Aðalsteinn Aðalsteinsson, Húsatóftum
Jón Axel Jónsson, Borgarnesi
Jón Geir Ólafsson, Gröf
Unnur Ólafsdóttir, Miðhúsum
Guðmundur Guðmundsson, Miðhúsum
Svanur Guðmundsson, Dalsmynni
Halla Guðmundsdóttir, Dalsmynni
Hilmar Sturluson, Mósakógum
Bjarki Benediktsson, Breiðavaði

Agnar Ólafsson, Tjörn 1
Felix Þór Gíslason, Höfn í Hornafirði
Halldór Vilhjálmsson, Selfossi
Guðjón Þorláksson, Grindavík
Ragnar Björnsson, Reykjavík
Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki
Sverrir Möller, Ytra Lóni
Bjarni Mátsson, Háholti

Formaður félagsins, Sverrir Möller á Ytra Lóni, setti fundinn og lagði til að Reynir Þór Jónsson yrði fundarstjóri og Bjarni Mátsson fundarritari. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Reynir kynnti dagskrá fundarins.

1. Skýrsla stjórnar:

Sverrir flutti skýrslu stjórnar. Stjórnin hittist ekki á árinu, en var í góðu sambandi; bæði í gegnum síma og tölvupóst. Talsverð vinna fór í að koma ættfræðiforritinu Snata í gagnid og tókst það. Forritid var unnið af tölvudeild Bændasamtakanna í samráði við stjórn félagsins og Hilmar Sturluson, Mósakógum. Einnig minntist Sverrir á bók um þjálfun fjárhunda sem Elísabet Gunnarsdóttir er að skrifa. Útgáfa bókarinnar er meðal annrs styrkt af SFÍ. Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

2. Uppgjör vegna 2012:

Reynir kynnti ársuppgjör vegna 2012 (sjá Fylgiskjal A) í fjarveru gjaldkera. Tekjur félagsins voru 765.500 kr. og gjöld 1.436.587 kr. Tap af rekstri félagsins var því 671.087 kr. Tapið kom til vegna kostnaðar við ættbókarforritid Snata. Eignir og skuldir félagsins voru í árslok 827.938 kr. Ársuppgjörin var samþykkt samhljóða.

3. Inntaka nýrra félaga:

Sverrir las upp nöfn 25 aðila sem óskað höfðu eftir inngöngu í félagid. Inntaka nýju félganna var samþykkt með lófataki.

4. Kosningar:

Kosid var um sæti Reynis Þórs í aðalstjórn og Ástu Einarsdóttur í varastjórn. Reynir baðst undan endurkjöri. Úrslit urðu þau að Jón Geir Ólafsson var kosinn í aðalstjórn og Ásta endurkjörin í varastjórn. Skoðunarmenn reikninga, þeir Látus Sigurðsson, Gilsá, og Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi, voru endurkjörnir.

5. Önnur mál:

Sverrir kynnti eftirfarandi tillögu stjórnar vegna keppnisreglna SFÍ fyrir landskeppnir:

Keppnisreglur SFÍ fyrir landskeppnir

1. Sé landskeppni haldin í tvo daga þar sem allir hundar fá tvö rennsli gildir samanlagður fjöldi stiga til verðlauna.
2. Unghundaflokkur er fyrir hunda yngri en 3ja ára miðað við fæðingardag.
3. Hundur í B – flokki sem nær 50 stigum eða meira í einu rennsli keppir framvegis í A – flokki.
4. A – flokkur er opinn flokkur og öllum heimilt að keppa í þeim flokki.
5. Sami hundur getur einungis keppt í einum flokki á landskeppni.
6. Dæmt sé eftir reglum ISDS (The International Sheepdog Society).
7. Reglum þessum verður aðeins breytt með samþykki aðalfundar.

Það kom fram ein breytingartillaga og var hún vegna liðar 3, og hljómar þá liðurinn þannig: *Hundur í B flokki sem nær 50 stigum eða meira í einu rennsli á landskeppni keppir framvegis í A flokki. Var tillagan ásamt breytingartillögu samþykkt samhljóða.*

Næst kynnti Sverrir tillögu stjórnar um reglur fyrir skráningu í ættbókarforrit SFÍ, Snata. Tillagan er eftirfarandi:

Reglur um skráningu í ættbók SFÍ

1. Meginreglan er sú að aðeins Border Collie (BC) hvolpar sem hafa skráða foreldra hjá SFÍ og/eða ISDS (eða félögum sem ISDS samþykkir) geta fengið skráningu í ættbókargrunn SFÍ.
 - a. Eldri BC hundar geta fengið skráningu ef sýnt er fram á að þeir séu ræktaðir 100% frá skráðum hundum.
 - b. BC Hundar frá öðrum hundaræktunarfélögum fá ekki skráningu hjá SFÍ nema á forsendum reglu nr. 3.
2. Aðgangur að ættbókargrunni og meðferð skráninga:
 - a. Aðeins meðlimir í SFÍ hafa aðgang að ættbókargrunninum.
 - b. Eigandi skráðar tíkar getur sjálfur skráð got undan henni í grunninn, að því gefnu að eigandi ræktunarhundsins staðfesti þörunina.
 - c. Ef eigandi skráðar tíkar er ekki félagi í SFÍ verður hann að hafa samband við umsjónarmann ættbókargrunns eða formann SFÍ til að fá got skráð.
 - d. Eigandi skráðs hunds eða hvolps getur sjálfur skráð eigandaskipti í ættbókargrunn SFÍ.
 - e. Ef eigandi hunds er ekki meðlimur í SFÍ en hefur eigendaskipti að hundi þarf hann að hafa samband við umsjónarmann ættbókargrunns eða formann SFÍ til að láta breyta skráningunni.
 - f. Eigandi hunds getur prentað staðfesta ættbók úr ættbókargrunni SFÍ.
3. Eigendur hunda sem geta rakið ættir sínar að 75% (í a.m.k. 5. ættlið) til skráðra hunda hjá SFÍ og/eða ISDS (eða félaga sem ISDS samþykkir) geta sótt um að fá skráningu í ættbók SFÍ á verðleikum hundsins.
 - a. Nefnd þriggja dómara sem kosnir eru á aðalfundi 3ja hvert ár verður að meta hundinn eigi hann að fá skráningu. Sökum þess að langt getur verið á milli dómara er nóg að einn dómari meti hundinn augliti til auglitis á meðan hinir tveir fái senda óklippta upptöku af 10 mínútna æfingu frá upphafi til enda.
 - b. Hundur sem hefur unnið til 65 stiga (í einu rennsli) eða meira í landskeppni SFÍ þarf ekki að fá sérstakt mat nefndarinnar heldur getur sótt beint um skráningu.
4. Reglurnar eru opnar fyrir þeim breytingum sem þarf til að SFÍ geti sótt um að gerast aðildarfélag að ISDS. Þó aldrei öðruvísi en að vera samþykktar á aðalfundi.

Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

Næst las Sverrir upp samantekt (sjá Fylgiskjal B) frá Elísabet Gunnarsdóttur vegna vinnu stjórnar við athugun á möguleika þess að SFÍ fái aðgang að ISDS, en Elísabet hefur borið hitann og þungann af þeirri vinnu. Aðalfundur veitti stjórn umboð til að halda áfram með viðræður við ISDS.

Sverrir fór betur yfir stöðu kennslubókar um tanningar fjárhunda sem Elísabet Gunnarsdóttir er að skrifa.

Sverrir kynnti tillögu stjórnar að árgjaldi. Hann lagði til að hafa árgjaldið óbreytt frá fyrra ári, eða 3.500 kr. og var það samþykkt.

Rætt var um næstu landskeppni og staðsetningu hennar. Talið var að röðin væri komin að Norðurlandi. Bjarki tók vel í að norðlendingar héldu keppnina að ári og var ákveðið að stefna að því.

Bjarni Mátsson spurði um reglur um brautarlagningu á landskeppni og voru reglurnar taldar nógu skýrar.

Svanur bað um orðið og þakkaði stjórninni og Hilmari vel unnin störf og hlutu þau lófaklapp fyrir.

Sverrir þakkaði fyrir góð orð og sleit fundi.

Fylgiskjal A – Ársuppgjör SFÍ vegna 2012

ÁRSREIKNINGUR 2012

(1.1.2012 - 31.12.2012)

| REKSTRARREIKNINGUR | skýr. | 2012 | 2011 |
|---|-------|------------------------|-----------------------|
| Tekjur: | | | |
| Félagsgjöld 2012 | 1 | 766.500 | 0 |
| Félagsgjöld 2011 | | 0 | 411.500 |
| Félagsgjöld 2010, áður vanáætluð | | 0 | 14.000 |
| Kröfur felldar niður v. 2010-2011 / 2009 | 2 | -16.000 | -14.000 |
| Styrkur frá Bændasamt.Ísl v. skráningarkerfis | | 0 | 500.000 |
| Tjaldleiga | | 15.000 | 0 |
| | | <hr/> 765.500 | <hr/> 911.500 |
| Gjöld: | | | |
| Bændasamtökin - ættbókarforrit | | 750.000 | 0 |
| Landbúnaðarháskólinn - styrkur til bókar | | 400.000 | 0 |
| Þjónustugjöld | | 47.982 | 61.585 |
| Kostnaður við dómara, ferðakostn.&laun | | 176.500 | 189.786 |
| Styrkur - Landskeppni | | 20.000 | 25.000 |
| Kostnaður við verðlaun | | 37.020 | 22.495 |
| Kostnaður við veitingar á Landsmóti | | 0 | 7.885 |
| Smalah.fél. Árnessýslu - styrkur v. Námskeið | | 0 | 30.000 |
| Keypt samkomutjald | | 0 | 30.000 |
| Ýmis kostnaður | 3 | 5.085 | 33.653 |
| | | <hr/> 1.436.587 | <hr/> 400.404 |
| Hagnaður/(-tap) án fjármagnsliða | | -671.087 | 511.096 |
| Fjármagnsliðir og skattar: | | | |
| Vaxtatekjur að frádr. fjármtsk | | 3.519 | 4.003 |
| Vaxtagjöld | | -340 | 0 |
| | | <hr/> 3.179 | <hr/> 4.003 |
| Hagnaður/(-tap) ársins | | <u>-667.908</u> | <u>515.099</u> |

EFNAHAGSREIKNINGUR

skýr.

2012

2011

EIGNIR**Handbært fé:**

| | | | |
|------------------------|--|----------------|------------------|
| Bankar. 192-05-60031 | | 448.850 | 0 |
| Bankar. 1106-05-402283 | | 5.485 | 1.228.636 |
| | | <u>454.335</u> | <u>1.228.636</u> |

Kröfur:

| | | | |
|-----------------------------|---|----------------|----------------|
| Útistandandi fél.gjöld 2012 | 1 | 211.500 | 0 |
| Útistandandi fél.gjöld 2011 | 2 | 34.000 | 171.500 |
| Útistandandi fél.gjöld 2010 | 2 | 2.000 | 10.000 |
| | | <u>247.500</u> | <u>181.500</u> |

Aðrar eignir:

| | | | |
|-----------------------|--|----------------|----------------|
| Sænskt hundaforrit | | 7.410 | 7.410 |
| Breedmate hundaforrit | | 9.898 | 9.898 |
| Plöstunarvél | | 28.795 | 28.795 |
| Prentari | | 80.000 | 80.000 |
| | | <u>126.103</u> | <u>126.103</u> |

Samtals eignir:**827.938****1.536.239****SKULDIR OG EIGIÐ FÉ****Skuldir:**

| | | | |
|--|---|--------------|---------------|
| Ofgreidd félagsgjöld | 4 | 2.000 | 14.000 |
| Ógr. útlagður kostnaður v. Landsk 2011 | | 0 | 28.393 |
| | | <u>2.000</u> | <u>42.393</u> |

Eigið fé:

| | | | |
|------------------------|--|----------------|------------------|
| Yfirfært frá fyrra ári | | 1.493.846 | 978.747 |
| Hagnaður/(-tap) ársins | | -667.908 | 515.099 |
| | | <u>825.938</u> | <u>1.493.846</u> |

Samtals skuldir og eigið fé:**827.938****1.536.239**

Fylgiskjal B – SFÍ sem aðildarfélag ISDS

Ég undirrituð hef undanfarið ár verið í samskiptum við ISDS til að kanna möguleika SFÍ að fá einhverskonar aðgang að ISDS eða viðurkenningu frá þeim. Eftir nokkuð strögl komst ég í ágætt samband við Judith Sheen framkvæmdastjóra félagsins. Hún stakk upp á að SFÍ gæti sótt um að verða aðildarfélag ISDS.

Judith er ekki ennþá búin að svara öllum mínum spurningum varðandi þetta þar sem hún er ekki til viðræðu núna á meðan N. Trials standa yfir. Ég myndi t.d. vilja spyrja hana betur út í skráninguna í ættbók ISDS, keppnir á vegum ISDS og hvort meðlimur í aðildarfélagi geti líka verið beinn aðili að ISDS.

Hér á eftir er samantekt yfir það helsta sem ég hef orðið vísari um hvað felst í því að vera aðildarfélag að ISDS:

- Aðildarfélög fá formlega staðfestingu þess efnis frá ISDS og aðildarfélag hefur leyfi til að nota nafn ISDS í skjölum sínum til að sýna fram á tengsl.
- Aðeins eitt félag í hverju landi getur orðið aðildarfélag ISDS.
- Aðildarfélag stjórnar sjálft sínum málum hvað varðar féлага, reglur og keppnir en reynir alltaf að starfa innan meginregla ISDS.
- Aðildarfélag verður að fylgja gildandi skráningarreglum ISDS (Stud book rules).
- Meðlimir aðildarféлага geta nýtt sér ættbókarskráningu ISDS. Allir hundar SFÍ með fullnægjandi ættbók geta fengið ISDS skráningu. Sækja þarf um fyrir hvern hund sérstaklega og stjórn smalahundafélagsins þarf að staðfesta hverja skráningu.
- Kostnaður við aðild er kr. 2500 (14 GBP) á hvern félagsmann sem aðildarfélagið innheimtir og greiðir ISDS.
- SFÍ þarf að senda ISDS þýðingu á ársreikningum, ársskýrslu og reglum félagsins árlega.
- Veitir meðlimum aðildarfélaganna ekki aðgang að keppnum á vegum ISDS
- Dæmi um aðildarfélög: Austurríki, Belgía, Brasilía, Færeyjar, Þýskaland, Japan o.fl.

Helsti kosturinn við aðildina er að mínu mati sú viðurkenning sem í því felst og möguleiki á skráningu í ættbók ISDS. Helsti ókosturinn er auka pappírsvinna og kostnaður.

Það er spurning hvort aðalfundur hefur áhuga á að haldið verði áfram með þetta mál.

Markmið stjórnar væri þá að geta lagt fram tillögu um að SFÍ verði aðildarfélag ISDS á næsta aðalfundi.

Elísabet Gunnarsdóttir 20.8.2013